Bæjarskrifstofur Hornafjarðar
Númer: 202011025 Mótt: 24.8.21
Skjalag: 09.20 Dags: 24.8.21
Afgr: Sigrún

Sveitarfélagið Hornafjörður

Ásgrímur Ingólfsson forseti bæjarstjórnar

Hafnarbraut 27

780 Höfn

Meðfylgjandi er niðurstaða Þjóðskrár Íslands á talningu undirskrifta vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi í „Innbæ" samkvæmt auglýsinu 27.5.2021. Í ljósi niðurstöðunnar liggur fyrir að bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar ber, samkvæmt lögum, að láta fara fram íbúakosningu um hið nýja skipulag. Við undirrituð, sem valist hafa til þess að vera í forsvari fyrir andstæðinga skipulagsbreytinganna, teljum eðlilegt að við verðum höfð með í ráðum þegar kemur að því að ákveða framkvæmd kosningarinnar. Í því sambandi leggjum við til eftirfarandi:

1. Að kosningin fari fram á næsta ári samtímis kosningum til sveitarstjórna.
2. Að á kjörseðli verði kjósandanum gefnir eftirtaldir tveir valkostir:
   - Nýtt skipulag samkvæmt auglýsingu frá 27.5.2021 skal falla úr gildi og skipan mála færð í fyrra horf.
   - Nýtt skipulag samkvæmt auglýsingu frá 27.5.2021 skal halda gilda sínu.

Höfn: 24.ágúst 2021

Ari Jónsson kt 0301483639 sign

Eymundur Ragnarsson kt 0406763099 sign

Finnur Ármann Óskarsson kt 021088-3589 sign

Guðmundur I Sigbjörnsson kt 26024-72479 sign

Jóhanna Stígsdóttir kt 030857-2169 sign

Kolbrún Garðarsdóttir kt 090167-5889 sign

Óskar Arason kt 0105753039 sign

Sveinbjörg Jónsdóttir kt 0710642399 sign

Hjálagt: Bréf Þjóðskrár Íslands til Ara Jónssonar frá 16. Ágúst 2021

Afrit sendt til: Matthildur Ásmundardóttur bæjarstjóri, Páll Róbert Mattíasson bæjarfulltrúi, Sæmundur Helgason bæjarfulltrúi.

Þjóðskrá

**Ari Jónsson**
Silfurbraut 33
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 16. ágúst 2021

Tilvísun ÞÍ: 2021070701/3.2.5
Tilvísun sendanda:

**Efni: Undirskriftasöfnun vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi í „Innbæ“**

Þjóðskrá Íslands hefur móttekið og yfirfarið undirskriftir þeirra einstaklinga sem safnað var á grundvelli heimildar 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til þess að óska almennrar atkvæðagreiðslu í Höfn í Hornafirði skv. 107. gr. sömu laga. Söfnun undirskrifta fór fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 155/2013 um undirskriftasafnanir vegna almennra atkvæðagreiðsina samkvæmt sveitarstjórnar-lögum. Ábyrgðaraðili undirskriftasöfnunarinnar er Ari Jónsson.

Á kjörskrá skv. 1. gr. reglugerðar nr. 155/2013 voru 1.590 einstaklingar. Niðurstaða talningar er svohljóðandi:

- Fjöldi þeirra kjósenda sem skráðu nafn sitt á lista Þétting byggðar í „Innbæ“ er 353 eða 22,2%
- 1 ógild rafræn undirskrift
- 4 ógildar undirskriftir á pappír

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar, eru ábyrgðaraðilum undirskriftasöfnunarinnar hér með afhentar meðfylgjandi niðurstöður hennar sem og undirskriftalistarnir sjálfir á pdf- formi, undirritað með rafrænum hætti.

F.h. Þjóðskrár Íslands

**Guðni Rúnar Gíslason**
deildarstjóri

**Þjóðskrá Íslands**
**Registers Iceland**

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

**skra.is**

Fólk · Fasteignir